

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Fastar innréttingar á jarðhæð Bergstaðastrætis 37, Hótel Holts, í Reykjavík, viðbætur.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands, að endurskoða skilmála eldri friðlýsingar fastra innréttinga á jarðhæð Hótel Holts í Reykjavík (fastanr. 2007038, landnr. 102068) sem birt var með auglýsingu nr. 335/2013 í B-deild Stjórnartíðinda 22. mars 2013.

Friðlýsingin nær til fastra innréttinga: veggja- og loftaklæðninga í eftirtöldum rýmum á jarðhæð hótelsins: í veitingasal í norðurenda auk hliðarherbergis, í anddyri, setustofu og gestamóttöku, í bókaherbergi (koniáksstofu) og hótélbar inn af gestamóttöku og í forsal og samkomusal ráðstefnu- og veitingasalarins Þingholts í suðurenda hússins. Friðlýsingin tekur enn fremur til blýlagðra glugga á götuhlið hótelsins; steinlagðs gólfs í anddyri, setustofu og gestamóttöku; flísalagðs gólfs, afgreiðsluborðs og stigahandriðs í forsal Þingholts og afgreiðsluborða í hótélbar og gestamóttöku.

Ákvæði um fastar innréttingar á jarðhæð Hótel Holts í Reykjavík í auglýsingu nr. 335/2013 fellur brott.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 9. október 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 23. október 2025